

Fréttabréf Jötunheima

September 2015

3. tbl. 8. árg.


Lubbafréttir

Þann 28. ágúst síðast liðinn var haldið námskeiðið *Málið á flug með Lubba* á Grand hótél í Reykjavík. Að námskeiðinu stóðu höfundar námsefnisins *Lubbi finnur málbein*, þær Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. Þar komu saman aðilar sem standa að læsi barna, kennarar, talmeinafræðingar og foreldrar. Þar var fjallað um fjölbreytta vinnu með máhljóð og læsi með börnum þar sem námsefnið með Lubba var í aðalhlutverki.

Þær Katrín Þorvaldsdóttir og Þórdís Guðrún Magnúsdóttir leikskólakennarar í Jötunheimum héldu fyrirlestur um hvernig unnið er með Lubbanámsefnið hjá okkur og stóðu sig með mikilli þrýði. Þær sýndu í máli og myndum hvernig notkun námsefnisins hefur þróast á þeim árum sem það hefur verið notað hér. Það var byrjað smátt, aðeins á einni deild og þegar við sáum hversu vel efnið höfðaði til barnanna var ákveðið að þróa það á öllum yngri deildunum. Á síðasta skólaári var farið að nota námsefnið á öllum deildum og það útfært eftir aldri og áhuga barnanna.

Nokkrum dögum eftir námskeiðið hafði annar höfundur námsefnisins um Lubba samband við þær stöllur og veittu þeim og Jötunheimum hvatningarverðlaun Lubba þar sem fyrirlestur þeirra var til fyrirmyndar og sýndi vel hvernig hægt er að vinna með námsefnið í leikskólum. Í verðlaun fékk leikskólinn allar hljóðasmiðjur Lubba sem gefnar voru út í byrjun þessa árs.

Við erum afskaplega stolt af því starfi sem unnið er í leikskólanum á sviði málörvunar og læsis sem og öllum öðrum þáttum skólastarfsins.



Skólanámskrá Jötunheima

Skólanámskrá Jötunheima hefur fengið staðfestingu fræðslunefndar Árborgar. Gildistími hennar er 2015—2019 og í lok tímabilsins verður búið að endurskoða hana. Hún hefur verið útgefin og birt á heimasíðu Jötunheima jotunheimar.arborg.is

Efnisyfirlit

Starfsfólk Jötunheima	2
Kynningarfundir.....	3
Haustþing.....	3
Viðburðir á haustönn.....	3
Jötunheimar 7 ára.....	4
Breytingar á dvalarsamningi....	4
Vistunartími nemenda.....	4
Fataklefarnir.....	4
Lyfjagjafir í leikskólanum.....	4



STARFSFÓLK Í JÖTUNHEIMUM

Stjórnun

Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri
Guðný Ingibjörg Rúnarsd., aðstoðarleikskólastjóri

Sérkennsla

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, sérkennslustjóri

Aðalból

Ingunn Helgadóttir, deildarstjóri
Sandra Anne Marie Vachon, leikskólakennari í
framhaldsnámi
Katla Sjöfn Hlökkversdóttir, leikskólaliði
María Óladóttir, leiðbeinandi í leikskólaliðanámi

Fagurargerði

Bára Kristbjörg Gísladóttir, deildarstjóri
Katrín Þorvaldsdóttir, leik- og grunnskólakennari
Fjola Björk Eggertsdóttir, leiðbeinandi í
leikskólaliðanámi
Hrefna María Hagbarðsdóttir, leiðbeinandi í
leikskólaliðanámi

Fossmúli

Valgerður Rún Heiðarsdóttir, deildarstjóri
Sólveig E. Jónsdóttir, leikskólakennari
Ólöf Geirmundsdóttir, leiðbeinandi
Kristín Sveinsdóttir, leikskólaliði
Vigdís Anna Kolbeinsdóttir, leiðbeinandi í
leikskólakennaranámi
Puríður Jónsdóttir, þroskaþjálfari

Merkiland

Dagný Björk Ólafsdóttir, deildarstjóri
Árný Ilse Árnadóttir, leikskólakennari
Eyrún Björk Einarsdóttir, þroskaþjálfari
Guðrún Þorsteinsdóttir, leiðbeinandi
Hulda Heiðrún Óladóttir, leiðbeinandi í
leikskólakennaranámi

Sólbakki

Jóhanna Guðjónsdóttir, deildarstjóri
Sigríður Margrét Tómasdóttir, leikskólakennari
Anna Dabrowska, framhaldsskólakennari í
framhaldsnámi
María Ben Ólafsdóttir, félagsfræðingur

Sunnuhvoll

Anna Þóra Guðmundsdóttir, leikskólakennari
Helga Haraldsdóttir, leikskólakennari
Pascale Darricau, framhaldsskólakennari í
framhaldsnámi
Særún Ösp Hilmarsdóttir, leikskólaliði í
leikskólakennaranámi
Ásta Ósk Sigurðardóttir, leiðbeinandi

Annað starfsfólk

Soffía Guðrún Kjartansdóttir, leikskólakennari
Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir, íþróttakennari
Þórdís Guðrún Magnúsdóttir, leikskólakennari í
framhaldsnámi
Helga Þórdís Guðmundsdóttir, leiðbeinandi
Anný Guðlaugsdóttir, leiðbeinandi í leikskólaliðanámi
Elín Rós Arnlaugsdóttir, leiðbeinandi í sálfræðinámi
Katrín Rúnarsdóttir, leiðbeinandi
Anna Guðrún Sigurðardóttir, leiðbeinandi í
fæðingarorlofi

Eldhús

Gunnur S. Gunnarsdóttir, matráður í veikindaleyfi
María Geraldine Brynjólfssdóttir, aðstoð í eldhúsi
Guðrún Runólfssdóttir, aðstoð í eldhúsi

Ræsting

Sigurbjörg Gísladóttir
Bryndís Sveinsdóttir
Guðbjörg Bergsveinsdóttir
Dröfn Jónsdóttir



Kynningarfundir

Vetrarstarf leikskólans verður kynnt á fundum sem hér segir:

- ◆ Sólbakki 22. september kl. 8:10
- ◆ Sunnuhvoll 23. september kl. 8:10
- ◆ Fagurgerði 24. september kl. 8:10
- ◆ Aðalból 29. september kl. 8:10
- ◆ Fossmúli 30. september kl. 8:10
- ◆ Merkiland 1. október kl. 8:10

Fundirnir verða haldnir inni á hverri deild fyrir sig og börnin verða í salnum í leik á meðan á fundi stendur.



Leikskólinn verður lokaður föstudaginn 2. október vegna haustþings allra leikskóla á Suðurlandi.

Boðið verður upp á fjölbreytta fyrirlestra þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Viðburðir á haustönn

- ◇ 8. september, Jötunheimar 7 ára.
- ◇ 16. september, dagur íslenskrar náttúru, **appelsínugulur** dagur og söngstund úti.
- ◇ 2. október. Haustþing leikskóla á Suðurlandi. Leikskólinn er lokaður þennan dag.
- ◇ 16. október, **bleikur** dagur og söngstund í sal.
- ◇ 26.—30. október er dagskipulag brotið upp og við verðum með gleðiviku. Það verður t.d. bangsadagur, ball í salnum, rugldagur og deildirnar skipta um stað.
- ◇ 16. nóvember, dagur íslenskrar tungu. Lubbi á afmæli og við höldum upp á það. Lopapeysudagur.



Jötunheimar 7 ára

Þriðjudaginn 8. september urðu Jötunheimar 7 ára. Af því tilefni var haldin afmælisveisla í salnum þar sem yngri og eldri nemendur skólans voru í sitthvori lagi með ball og fengu ís. Báðar skemmtanirnar byrjuðu á afmælissöngnum og nokkur lög til viðbótar tekin við gítarundirleik Ingibjargar. Undanfarin ár hafa börn og starfsfólk komið í náttfötunum til vinnu á afmældisdaginn og það var einnig gert að þessu sinni og gaman að sjá hversu margir tóku þátt í því.



Lyfjagjafir

Lyfjagjafir eru ekki framkvæmdar í leikskólanum nema um sé að ræða ofvirkni- og asthmalyf. Sýklalyf og önnur lyfseðilskyld lyf eru ekki gefin í leikskólanum.

Breytingar á dvalarsamningi

Ef foreldrar vilja gera breytingar á dvalarsamningi barna sinna þarf það að gerast fyrir 15. hvers mánaðar á þar til gerðu eyðublaði og þær taka gildi um næstu mánaðamót.

Vistunartími nemenda

Við viljum biðja foreldra að virða þann vistunartíma sem þeir velja fyrir börn sín.

Ef breyta þarf vistunartíma er það hægt með ákveðnum fyrirvara.

Vinnutími starfsfólks er skipulagður út frá vistunartíma nemenda og hann er einnig hafður til hliðsjónar þegar starf leikskólans er skipulagt.

Fataklefarnir

Foreldrar eru vinsamlega beðnir að skoða vel í hólf barna sinna í lok dags. Ef blaut föt eru þar þarf að koma þeim þannig fyrir að þau þorni yfir nóttina eða taka þau með heim og þurrka þau þar. Setja skó í skóhillur því það auðveldar þrif á fataklefunum. Eins þarf alltaf að taka allt dót úr hólfum barnanna á föstudögum líka alla fjársjóðina sem börnin finna í gönguferðum og útivist.

